

Fundargerð

158. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðviku-
daginn 4. des. 2013 kl. 12.30 að Ketilsbraut 22, Húsavík.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.**
2. **HGH verk (Möl og sandur), Súluvegi 1, 600 Akureyri; áframhaldandi þvingunaraðgerðir vegna losunar á húsaskólpi í Glerá og fyrirhuguð áminning vegna skolun steypubíla í Glerá.**

Möl og sandur ó losun húsaskólps í Glerá

Heilbrigðisnefnd bókaði eftirfarandi:

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hefur ekki borist staðfesting á úrbótum á fráveitumálum Malar og sands (HGH Verks ehf.).

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra veitir hér með Möl og sandi (HGH Verk ehf.) áminningu í samræmi við 26.gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og mun hún verða birt á heimasíðu embættisins. Fyrirtækinu er veittur frestur til 25.desember nk. til úrbóta og/eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Beiting dagsekta í samræmi við 27.gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir verður haldið áfram þar til staðfesting á úrbótum hefur borist heilbrigðisnefnd.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á því að skv. 31.gr. laga nr. 7/1998 er Möl og sandi (HGH Verk ehf.) heimilt að vísa ágreiningi um ákvörðun heilbrigðisnefndar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4.gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur úrskurðarnefndar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Möl og sandur ó skolun steypubíla í Glerá

Heilbrigðisnefnd bókaði eftirfarandi:

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hefur ekki borist staðfesting á úrbótum eða upplýsingar um fyrirhugaðar úrbætur varðandi skolun á tromlum steypubíla út í Glerá, en frestur til þess rann út þann 1.desember sl.

Af þeim sökum fyrirhugar Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra að veita fyrirtækinu áminningu í samræmi við 26.gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er fyrirtækinu veittur frestur til 26.desember nk. til úrbóta og/eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

3. **Útgerðarfélagið Hvammur, Hrísey; áminning vegna losunar á fiskúrgangi.**

Heilbrigðisnefnd bókaði eftirfarandi:

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hefur ekki borist áætlun um úrbætur varðandi losun fiskúrgangs í sjó af völdum Útgerðarfélagsins Hvamms, þrátt fyrir yfirlýsingar rekstraraðila þar að lútandi.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra veitir hér með Útgerðarfélaginu Hvammi áminningu í samræmi við 26.gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Áminning mun verða birt á heimasíðu embættisins. Fyrirtækinu er veittur frestur til 26.desember nk. til úrbóta og/eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á því að skv. 31.gr. laga nr. 7/1998 er Útgerðarfélaginu Hvammi heimilt að vísa ágreiningi um ákvörðun heilbrigðisnefndar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4.gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur úrskurðarnefndar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

4. **Molta ehf, staða mengunarvarna.**

Kynnt var minnisblað frá Eflu verkfræðistofu dags. 18. nóv. 2013 um niðurstöðu könnunar á uppsprettum ólyktar við moltugerð Moltu ehf á Þveráreyrum í Eyjafjarðarsveit ásamt leiðum til úrbóta. Einnig var kynnt staða mála er varðar fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins.

Umsagnir:

5. **Umsögn vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 og deiliskipulags við Kirkjuveg, Dalbæ og Kríslakot, Dalvík.**

Kynnt var jákvæð umsögn heilbrigðisfulltrúa.

6. **Skipulags- og matslýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi. Vegtenging frá hafnarsvæði að iðnaðarsvæði á Bakka.**

Kynnt var jákvæð umsögn heilbrigðisfulltrúa.

7. **Skipulags- og matslýsing. Breytt lega hringveggar við Jökulsá. Breyting á aðalskipulagi Norðurþings 2010- 2030.**

Kynnt var jákvæð umsögn heilbrigðisfulltrúa.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Grasrót-skapandi samfélag, kt. 461109-1280, Hjalteyrargötu 20, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir matvælamarkað. **Samþykkt.**
2. Huldubúð, kt. 170759-5329, Hjalteyrargötu 20, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir smásöluverslun fyrir matvæli; þ.e. sultur, pestó, hlaup, marmelaði, ýmiskonar bakkelsi, broddur og kjöt. Starfsaðstaða fyrir krukuvörur og bakkelsi er í Þelamerkurskóla. Kjöt er unnið og pakkað í kjötvinnslu B. Jensen. **Samþykkt.**
3. Jónas Steingrímsson, kt. 281164-4819, Borgarsíðu 12, 603 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á sumarhúsi að Sunnuhlíð 12, 601 Grenivík. **Samþykkt.**
4. Hestanet ehf, kt. 620808-0830, Hléskógum, 601 Grenivík, umsókn um starfsleyfi vegna heimagistingar. **Samþykkt.**
5. B. Jensen ehf., kt 440698-2989, Lóni, 601 Akureyri. Sláturhús og kjötvinnsla. Endurnýjun starfsleyfis vegna mengunarvarna. **Samþykkt.**

6. Bílameistarinn, kt. 010960-7119, Laufásgötu 9, 600 Akureyri. Bifreiðaverkstæði. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
7. Assi ehf., kt. 600195-2989, Grundargötu 9, 620 Dalvík.. Plaststeypa. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
8. Vélvirki ehf., kt. 620590-1699, Hafnabraut 7, 620 Dalvík. Vélsmiðja og viðgerðarverkstæði. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
9. Vélvirki ehf., kt. 620590-1699, Sandskeiði 8, 620 Dalvík. Bifreiðaverkstæði. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
10. Erlent ehf., kt. 711008-1950, Hafnarbraut 11, 620 Dalvík..Fiskverkun. Nýtt starfsleyfi vegna mengunarvarna. **Samþykkt.**
11. Orkey ehf., kt. 440507-0690, Njarðarnesi 10, 603 Akureyri. Mörbræðsla. Nýtt starfsleyfi. **Samþykkt til 6 mánaða.**
12. Hörgársveit, kt. 510101-3840, Þelamerkurskóla, 601 Akureyri. Fráveita frá sláturhúsi B. Jensen, Lóni. Nýtt starfsleyfi. **Samþykkt til 6 mánaða.**

Önnur mál:

Skýrt var frá stöðu mála varðandi ágreining milli ferðapjónustu og eggjaframleiðslu í Sveinbjarnargerði í Svalbarðsstrandarhreppi; nánari gögn verða send heilbrigðisnefnd þegar þau liggja fyrir.

Arion banki, kt. 581008-0150, Geislagata 5, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna reksturs á mötuneyti. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**

Iðnaðarsafnið, kt. 430798-2519, Krókeyri 6, 600 Akureyri, Umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt.**

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.45

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir
formaður

Alfreð Schiöth

Þorkell Björnsson

Birna Jóhannesdóttir

Þórey Agnarsdóttir

Hafsteinn H. Gunnarsson

María Markúsdóttir

Steinþór Heiðarsson

Kristín Halldórsdóttir